



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfirði 8. nóvember 2013

Efni: Umsögn ÍBH um kröfulýsingu íþróttahúsa í Hafnarfirði

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar fagnar því að Hafnarfjarðarbær hefur unnið kröfulýsingu fyrir íþróttahús í Hafnarfirði. Ennfremur væri æskilegt að vinna slík gögn fyrir öll íþróttamannvirki í Hafnarfirði. Kröfulýsingin gefur til kynna vilja Hafnarfjarðarbæjar til að auka þjónustustigið við notendur og verður sú þróun að teljast mjög jákvæð og er án vafa liður í að auka vellíðan allra sem vinna í og nota íþróttahús bæjarins. Fjárhagsleg staða íþróttahreyfingarinnar í Hafnarfirði er erfið um þessar mundir. Rekstrarsamningar félaganna eru ennþá skertir um 15% og hafa verið það frá árinu 2009. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2014 er ekki gert ráð fyrir leiðréttingu á skerðingu rekstrarsamninga íþróttafélaganna, endurskoðun þeirra, eða hækkun þeirra. Íþróttahreyfingin getur ekki samþykkt að veita aukna þjónustu án aukins fjármagns og getur heldur ekki samþykkt að halda áfram að veita það þjónustustig sem er veitt í dag með fryst skert fjárframlög en sífellt hækkandi reksturskostnað. Ef kröfulýsingin á að koma til framkvæmda verður Hafnarfjarðarbær að setjast niður með rekstraraðilum íþróttamannvirkjanna og semja um raunhæfar þjónustukaupa- og greiðsluáætlanir.

Meðfylgjandi eru sjónarmið nokkurra íþróttafélaga:

Sjónarmið Fimleikafélagsins Björk:

Ef kröfulýsingin verður samþykkt þá verður hún að gilda fyrir öll íþróttamannvirki í Hafnarfirði óháð því hver sér um rekstur þess.

Ingvar Kristinsson formaður Fimleikafélagsins Björk

Sjónarmið Fimleikafélags Hafnarfjarðar (FH):

Varðandi beiðni um sjónarmið og athugasemdir vegna nýgerðrar kröfulýsingar um rekstur íþróttahúsa í Hafnarfirði vill Fimleikafélag Hafnarfjarðar (FH) koma eftirfarandi á framfæri:

1. FH getur tekið undir auknar kröfur og þ.a.l. aukin gæði rekstrar en hafa ber í huga að slíkt kallar á verulega aukinn kostnað við reksturinn. Á það skal bent að FH telur gæði rekstrar t.d. í Kaplakrika vera vel fullnægjandi

í dag og ekki þörf á breytingum.

2. Kröfulýsing sú sem um er rætt er gerð án nægjanlegs samráðs við þau félög sem í dag standa að rekstri íþróttahúsa.

3. Margar spurningar vakna við lestur kröfulýsingarinnar og ef stiklað er á stóru:

Tveir íþróttasalir, hvað með aðra starfsemi sem tengjast, útisvæði, lyftingasali, fjölda búningsklefa o.fl.?

Yngri en 16 ára, verulegur munur á sex ára og 15-16 ára?

Kennsla eða æfingar, hér er mikill munur á hvað varðar aðkomu t.d. kennara og þjálfara og þá foreldra?

Fjöldi þeirra sem stunda æfingar?

Að mati FH þarf að skoða þetta nánar í meira samráði við félögin og þá hafa í huga að boð og bönn geta gengið allt of langt og kannski ekki síst að muna að í dag er verið að reka íþróttamiðstöðvar hér í Hafnarfirði á verulega skertu framlagi, hvernig sjá stjórnendur bæjarins fram á að geta fjármagnað kröfur sem þessar sem munu kosta sveitarfélagið á bilinu 25-50 milljónir á ári.

Viðar Halldórsson formaður Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Sjónarmið Knattspyrnufélagsins Hauka:

1. Ekki er ástæða til annars en að fagna því að sjónum sé beint að þeirri miklu starfsemi sem fram fer í íþróttamannvirkjum Hafnarfjarðarbæjar.
2. Í formála er tæpt á því að í kröfulýsingunni séu settar fram lágmarkskröfur fyrir öll íþróttahús sem Hafnarfjarðarbær setur. Því má væntanlega geta sér þess til að þar með sé tryggt að nægjanlegt fjármagn muni að minnsta kosti fylgja þeim lágmarkskröfum sem fram eru settar.
3. Í 1. grein er lagt upp með að endurskoðun og útgáfustýring lýsingarinnar sé í höndum Hafnarfjarðarbæjar í samvinnu við rekstraraðila/íþróttafélög. Afar mikilvægt er að sú endurskoðun og útgáfustýring sé í rauntakti við þær kröfur sem fram eru settar, bæði hvað varðar þjónustu, viðhald, og aðra þætti er lúta að rekstri mannvirkjanna sem og að fjármagn fylgi framsettum kröfum.
4. Með vísan til 1. greinar og þess sem ritað er hér í 3. lið er afar mikilvægt að endurskoða og leiðrétta hið fyrsta rekstrarsamninga íþróttafélaganna. Það er í raun ótækt að ætla að krefja rekstraraðila um að sinna þjónustu og viðhaldi sky. rekstrarsamningi, þegar verulega hallar á viðkomandi rekstraraðila í samningum við þjónustukaupa.
5. Undir lið 2. Rekstur er almennt fjallað um ábyrgð rekstraraðila, starfsmannahald, lög og reglugerðir og annað sem tengist fjölþættum rekstri íþróttamannvirkja. Lýsing þessara þátta bera það með sér að þjónustan og eftirlitshlutverk rekstraraðila er afar víðfemt. Má leiða að því líkum að nú þegar eru margar brotalamir sem tengjast allt of

litlum fjárveitingum til nefndra verkefna. Í tilviki rekstraraðila íþróttamannvirkjanna á Ásvöllum má m.a. vísan í 7. grein en þar er rætt um uppsetningu öryggismyndavélakerfis til eftirlits og að geyma skuli upptöku í a.m.k. eitt ár. Í stuttu máli hafa ekki verið fjárveitingar til að viðhalda eða endurnýja öryggismyndavélakerfið frá því að vélarnar voru settar upp þegar Íþróttamiðstöðin var tekin í notkun.


6. Viðhald húsnæðis. Þessi þáttur er afar mikilvægur í öllum rekstri, þar sem eitt kallar á annað. Þannig er mun erfiðara að uppfylla kröfur um þjónustu í rými sem vart fær fjármuni frá þjónustukaupa, sem þó er skilgreint í samningi, þ.e. það sem fellur á þjónustukaupann sjálfan, utan rekstrarsamnings. Þar er m.a. um að ræða allt stærra viðhald. Fylgi fjármunir ekki til þessara þátta kemur það niður á margvíslegum öðrum þáttum sem skilgreindir eru í rekstarsamningi aðila um þjónustukaup.

7. Niðurlag.

Í huga undirritaðs er ekki nokkur vafi á að samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka, sem gerður var fyrir margt löngu, hefur skilað Hafnarfjarðarbæ, sem þjónustukaupa, verulegum ábata, bæði hvað varðar þjónustu- og viðhaldþætti. Samstarf Knattspyrnufélagsins Hauka og Hafnarfjarðarbæjar hefur að flestu leyti verið bæði vinsamlegt og um margt árangursríkt og með rekstarsamningi aðila hefur fengist góð reynsla á slíkt verklag. Hinu er hins vegar ekki að leyna, með vísan til starfsseminnar og þess sem hér er að framan ritað, að fjármunir hafa alls ekki fylgt þeim kröfum um þjónustu og viðhald sem gerðar eru til reksturs íþróttamannvirkja. Lipurð starfsfólks og þjónustulund þess, samhliða einstökum vilja til að viðhalda mannvirkinu í sem bestu ásigkomulagi hefur þó vegið að nokkru upp á móti skorti á fjármunum. Það er því von okkar hér á Ásvöllum að Hafnarfjarðarbær nýti vel það verkfæri sem kröfulýsing getur verið, sé rétt staðið að málum.

Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri Knattspyrnufélagsins Hauka

Virðingarfyllst,



Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH